

Akureyri, 19. apríl 2013

## Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar

### Efni: Hundasvæði

Stjórn Félags hundaeigenda á Akureyri (FHA) fundaði þann 19.04.13. með forstöðumanni umhverfismála Jóni Birgi Gunnlaugssyni. Rætt var meðal annars um hundasvæði innan bæjarmarka og staðsetningu þess.

Stjórn FHA óskar hér með eftir að svæðið norðan Borga verði gert að hundasvæði. Nánar tiltekið norðaustan við Háskólann, rammað inn af Borgarbraut, Dalsbraut og Norðurslóð. Svæðið hentar vel sem hundasvæði og er ekki alveg inni í íbúabyggð. Margar gönguleiðir liggja að svæðinu, sem er auk þess miðsvæðis í bænum. Svæðið býður upp á marga möguleika og t.d. væri hægt að gróðursetja tré og gróður, sem fer til förgunar, á svæðinu sjálfu. Hægt væri að byggja svæðið upp smám saman en það sem vantar, til að geta opnað svæðið, er girðing og nokkur bílastæði.

Þar sem þessi landskiki er nokkuð stór, þá væri vel mögulegt að skipta svæðinu í two hluta, annars vegar blandað svæði fyrir alla hunda og hins vegar minna svæði, sem yrði þá eingöngu fyrir smáhunda. Með því að gera þetta hundasvæði á þennan hátt og velja þessa staðsetningu ætti að nást góð sátt hjá hundaeigendum í bænum enda alls ekki allir sem hafa aðgang að bifreið. Einnig er líklegt að lausaganga hunda myndi minnka innanbæjar.

Fyrir hönd félagsmanna FHA óskum við eftir að þetta svæði verði samþykkt og að framkvæmdir hefjist sem fyrst, enda hefur þessi málaflokkur beðið í mörg ár, án verulegra úrbóta.

Hundaeigendur hafa hingað til haft afnot af svæði á Blómsturvöllum. Verulega skortir á að það sé gott hundasvæði og helst ber þá að nefna að girðingar halda engum hundum og enginn fer þangað með hundinn sinn, nema akandi. Okkur skilst að engir fjármunir muni fara í viðhald á Blómsturvöllum og að svæðið muni sennilega verða notað í framtíðinni. Gott væri samt að geta haft aðgang að Blómsturvöllum áfram, í núverandi mynd, þangað til.

Með kveðju og ósk um gott samstarf.

Fyrir hönd félagsmanna

María Björk Guðmundsdóttir  
Formaður Félags hundaeigenda á Akureyri

Netfang: [fhakureyri@gmail.com](mailto:fhakureyri@gmail.com)  
Sími: 856-5165

AKUREYRARBÆR

Mótt.: 22.04.2013

Málsnr.: 2013040212

Lykill: